Álit á kvótasetningu grásleppuveiða

Nú um nokkurt skeið hefur borið á því að veiðar og veiðistjórnun á Grásleppuveiðum hefur verið umdeild. Erfitt hefur reynst að tryggja aðilum jafnan aðgang að veiðum þar sem veiðar geta hafist og skila góðum árangri á austanverðu landinu strax í upphafi vertíðar en útgerðir á vestanverðu landinu og sérstaklega við innanverðan Breiðfjörð fara ekki að ná árangri með veiðum fyrr en vertíð er lokið fyrir austan land. Engin leið er að leiðrétta "fyrirfram" fyrir mismunandi veiði milli upphafs,- og endastöðvar grásleppuveiða og óánægju hefur oft gætt bæði með fjölda úthlutaðra daga í upphafi sem og tafir við að fjölga dögum ef til þess hafa verið rök. Á síðustu vertíð var svo uppi sú staða að veiðar gengu fyrnavel á austanverðu landinu og svo mjög að stöðva varð allar veiðar áður en veiðar hófust fyrir vestan.

Það er merkjanlegur vilji aðila til að auka við sig heimildir í Grásleppu og gera út á þann veiðiskap af myndarskap og krafti. Að teknu tilliti til þess og ekki síður hins hversu erfitt það stundum hefur reynst að stjórna veiðum og tryggja sanngjarna stjórnun þeirra er það mat okkar í ofangreindri útgerð að rök mæli með kvótasetningu.

Virðingarfyllst

Húsavík þ. 10. 02. 2021

pr. pr. Fiskbúð Húsavíkur sem á og gerir út

ÓSKAR ÞH 234 #2163

Jón Hermann Óskarsson